

52. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 87. gr. laga nr. 63/1974 um grunnskóla og í 10. gr. laga nr. 55/1974 um skólahverfi, öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið 27. apríl 1976.

Vilhjálmur Hjálmarsson.

Birgir Thorlacius.

REGLUGERÐ**um fræðsluráð.****I. KAFLI****Kosning og skipan fræðsluráða.****1. gr.**

Fræðsluráð starfa í fræðsluundæmunum átta skv. 10. gr. laga nr. 63/1974 um grunnskóla.

Fræðsluráð Reykjavíkur fer jafnframt með hlutverk skólanefndar í Reykjavík, sbr. 18. gr. grunnskólalaga.

2. gr.

Fræðsluráð er kosið á fyrsta aðalfundi landshlutasamtaka sveitarfélaga að afstöðnum sveitarstjórnarkosningum.

Borgarstjórn Reykjavíkur fer með hlutverk landshlutasamtaka samkvæmt reglugerð þessari eftir því sem við á.

Landshlutasamtök skulu tilkynna menntamálaráðuneytinu skipan fræðsluráðs þegar að kosningu þess lokinni.

3. gr.

Fræðsluráð skal skipað 5 eða 7 mönnum eftir ákvörðun landshlutasamtaka, sbr. 11. gr. grunnskólalaga. Jafnframt kosningu aðalmanna skal kjósa jafnmarga varamenn í fræðsluráð.

Um kennarafulltrúa vísast til reglugerðar nr. 514/1975 um kennarafulltrúa í fræðsluráðum o. fl.

4. gr.

Fræðsluráð skal kosið til fjögurra ára.

Um kosningu fræðsluráðs fer að öðru leyti eftir samþykktum landshlutasamtaka og meginreglum sveitarstjórnarlaga.

II. KAFLI**Fundarboðun og fundarsköp.****5. gr.**

Aldursforseti fræðsluráðsmanna kveður fræðsluráð saman til fyrsta fundar svo fljótt sem verða má eftir að það hefur verið kosið. Hann getur þó falið fræðslustjóra að annast fundarboðun.

Stefnt skal að því að fyrsta fund nýkjörins fræðsluráðs sæki allir aðalmenn.

Aldursforseti setur fyrsta fund nýkjörins fræðsluráðs og stjórnar síðan kosn-

ingu formanns og ritara en áður skal ráðið hafa gert samþykkt um lengd kjörtímabils þeirra.

Kjósa skal varaformann og vararitara fræðsluráðs til sama tíma og aðalmenn.

Tilkynna skal menntamálaráðuneytinu og hlutaðeigandi landshlutasamtökum nöfn formanns og ritara og varamanna þeirra svo fljótt sem við verður komið.

6. gr.

Formaður fræðsluráðs kveður ráðið saman til funda eða felur fræðslustjóra að gera það. Formaður fræðsluráðs stjórnar fundum þess.

7. gr.

Fræðsluráðsfundi skal að jafnaði halda á þeim stað þar sem fræðsluskristofa hefur aðsetur. Fræðsluráð getur þó ákveðið aðra fundarstaði.

8. gr.

Fræðsluráð kemur saman til funda svo oft sem þurfa þykir, þó eigi sjaldnar en fjórum sinnum á ári.

Skýlt er formanni að kveðja fræðsluráð til fundar þegar fræðslustjóri æskir þess eða ef a. m. k. tveir aðalmanna í fræðsluráði eða stjórn hlutaðeigandi landshlutasamtaka sveitarfélaga óska þess enda sé fundarefni tilgreint.

Fræðsluráð heldur a. m. k. einu sinni á ári fund með öllum skólastjórum og skólanefndarformönnum fræðsluumdæmisins. Heimilt er þó að skipta fræðsluumdæminu í fleiri fundasvæði eftir landfræðilegum aðstæðum.

9. gr.

Fræðsluráðsfundur telst löglega boðaður ef allir fræðsluráðsmenn eða varamenn í forföllum aðalmanna, svo og aðrir þeir, er reglulega setu eiga í fræðsluráði, hafa verið boðaðir með a. m. k. tveggja sólarhringa fyrirvara.

Í fundarboði skal geta fundarefnis.

10. gr.

Fræðsluráð afgreiðir mál með ályktunum á fundum.

Fræðsluráð getur enga ályktun gert nema meirihluti fræðsluráðsmanna sé á fundi.

Afl atkvæða ræður úrslitum um afgreiðslu mála. Verði atkvæði jöfn ræður atkvæði formanns.

Enginn fræðsluráðsmaður hefur atkvæðisrétt um þau mál sem varða hann sjálfan og skal hann í slíkum tilvikum víkja sæti fyrir varamanni.

11. gr.

Allar ályktanir fræðsluráðs skulu ritaðar í gerðabók sem varðveitt er í skrifstofu fræðsluráðs milli funda. Afrit af fundargerðum fræðsluráðs skal sent menntamálaráðuneytinu og hlutaðeigandi landshlutasamtökum svo fljótt sem verða má að loknum hverjum fundi, svo og útdráttur til skóla umdæmisins.

12. gr.

Landshlutasamtök ákveða í samráði við menntamálaráðuneytið greiðslur vegna starfa í fræðsluráði svo sem ferða- og dvalarkostnað.

13. gr.

Fræðslustjóri situr fundi fræðsluráðs og hefur þar málfrelsi og tillögurétt.

Rétt til setu á fundum fræðsluráðs með málfrelsi og tillögurétti eiga einnig framkvæmdastjóri hlutaðeigandi landshlutasamtaka sveitarfélaga eða fulltrúi hans

í forföllum, skólastjórar þegar fjallað er um málefni skóla þeirra sérstaklega, þeir fulltrúar samtaka kennara á grunnskólastigi í fræðsluumdæminu, svo og starfsmenn ráðgjafar- og sálfræðipjónustu þegar fjallað er um verkefni þeirra. Ennfremur á sæti á fundum fræðsluráðs, þegar fjallað er um málefni tiltekins sveitarfélags, fulltrúi þess með málfrelsi og tillögurétti.

Þeir sem rétt eiga til fundarsetu í fræðsluráði samkvæmt þessari grein skulu boðaðir til funda og kostaðir með sama hætti og fræðsluráðsmenn.

III. KAFLI

Verkefni fræðsluráðs.

14. gr.

Fræðsluráð fer með stjórn fræðslumála í fræðsluumdæminu í umboði menntamálaráðuneytisins, svo og í umboði sveitarstjórna sem hlut eiga að máli.

15. gr.

Fræðsluráð hefur umsjón með rekstri fræðsluskrifstofu umdæmisins og ræður starfsfólk skrifstofunnar annað en fræðslustjóra að fengnum tillögum fræðslustjóra.

Um réttindi og skyldur starfsfólks fræðsluskrifstofu fer eftir lögum um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna eftir því sem við á.

16. gr.

Fræðsluráði er heimilt að semja svo við landshlutasamtök sveitarfélaga, einstök skólahverfi og sveitarfélög að fræðsluskrifstofan taki að sér tiltekin verkefni fyrir þessa aðila enda komi greiðsla fyrir. Á hliðstæðan hátt er fræðsluráði heimilt að semja svo við landshlutasamtök sveitarfélaga að skrifstofa þeirra eða einstakra starfsdeilda innan þeirra annist störf fyrir fræðsluráð enda komi samþykki menntamálaráðuneytisins til.

17. gr.

Fræðsluráð sér um að gerðar séu áætlanir um fræðslumál í umdæminu, bæði árlegar fjárhags- og framkvæmdaáætlanir m. a. til notkunar við undirbúning fjárlagafrumvarps, svo og áætlanir til lengri tíma um skólaskipan, kennslufræðilega þjónustu og annað er lýtur að framkvæmd grunnskólalaga í umdæminu.

18. gr.

Fræðsluráð hefur eftirlit með störfum skólanefnda í fræðsluumdæminu.

19. gr.

Fræðsluráð gerir tillögur til menntamálaráðuneytisins um ráðningu fræðslustjóra umdæmisins, setningu hans eða skipun, sbr. 13. gr. grunnskólalaga.

20. gr.

Fræðsluráð skal skipuleggja viðræðufundi fyrir nýja kennara í fræðsluumdæminu í samráði við Kennaraháskóla Íslands, hafa umsjón með þeim og setja þeim leiðsögukennara að fengnum tillögum hlutaðeigandi skólastjóra.

21. gr.

Fræðsluráð í Reykjavík skal a. m. k. þrisvar á skólaári halda fundi með öllum skólastjórum á grunnskólastigi í Reykjavík.

22. gr.

Fræðsluráð undirbýr og kemur á aðstöðu til kennslufræðilegrar þjónustu fyrir fræðsluumdæmið eftir því sem fært þykir.

23. gr.

Menntamálaráðuneytið leggur tillögur um skiptingu landsins í skólahverfi fyrir fræðsluráð sem umræðugrundvöll en fræðsluráð kynnir þær sveitarstjórnnum, skólanefndum og skólastjórnunum sem hlut eiga að máli, sbr. 16. gr. grunnskólalaga.

24. gr.

Fræðsluráð gerir tillögu til menntamálaráðuneytisins um skiptingu grunnskóla í einingar. Ennfremur gerir fræðsluráð tillögur til ráðuneytisins um útibú frá aðal-skóla skólahverfis fyrir 7—10 ára börn.

25. gr.

Fræðsluráð lætur í té umsögn um beiðni skólanefndar um að hefja kennslu á tímabilinu 15. september til 1. október. Einnig getur fræðsluráð, að fenginni umsögn fræðslustjóra, heimilað skólanefnd að allt að fjórðungur kennslu fari fram í sumarskóla. Þá getur fræðsluráð, ásamt hlutaðeigandi skólanefnd, ákveðið hvort í skólahverfinu skuli vera 5 eða 6 daga skólavika.

26. gr.

Við undirbúning að gerð skólamannvirkja skal sveitarstjórn hafa samráð við fræðsluráð auk skólanefndar.

Fræðsluráð lætur ráðuneytinu í té umsögn sína um hvaða gerð skólamannvirkja skuli reisa á hverjum stað.

Náist ekki samkomulag um hvort ráðist skuli í skólabyggingingu, hvar hún skuli reist eða hve stór hún skuli vera sker ráðuneytið úr ágreiningi að fenginni umsögn fræðsluráðs.

27. gr.

Fræðsluráð undirbýr og kemur á laggir, eins fljótt og fjárframlög og aðstæður leyfa, ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu fyrir grunnskóla umdæmisins. Dragist framkvæmdir óhæfilega að dómi menntamálaráðuneytisins getur það sett fræðsluráði frest til að hefjast handa og er ráðinu þá skylt að byrja starfsemi á þessu sviði innan loka frestsins.

Kostnaður við ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu greiðist að jöfnu af rikissjóði og sveitarfélögum.

28. gr.

Heimilt er tveimur eða fleiri fræðsluumdæmum að sameinast um stofnun og rekstur ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu. Ákveði tvö eða fleiri fræðsluráð að sameinast um slíka þjónustu skal um hana gerður skriflegur samningur þar sem kveðið er á um tilhögun þjónustunnar, ráðningu starfslíðs og stjórn hennar og hvernig kostnaður skiptist milli fræðsluumdæma. Slíkur samningur skal háður samþykki menntamálaráðuneytisins.

29. gr.

Fræðsluráð skal í samráði við launþega- og atvinnurekendasamtök og hlutaðeigandi skólastjórn skipuleggja atvinnuþátttöku nemenda þar sem slíkrar skipulagningar er þörf, sbr. 42. gr. grunnskólalaga, 7. gr. reglugerðar um starfstíma grunnskóla og aðalnámsskrá.

30. gr.

Auk framangreindra verkefna fer fræðsluráð með önnur þau málefni sem því eru fengin í lögum og reglugerðum.

31. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 3. mgr. 11. gr. og í 87. gr. laga nr. 63/1974 um grunnskóla og öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið 27. apríl 1976.

Vilhjálmur Hjálmarsson.

Birgir Thorlacius.

R E G L U G E R Ð**um kennarafundi og kennararáð.****Kennarafundir.**

1. gr.

Kennarafundur er skólastjóra til ráðuneytis um innra starf grunnskóla og daglega stjórn hans.

2. gr.

Almennan kennarafund skal halda þegar í upphafi skólaárs. Skólastjóri leggur þá fram drög að starfsáætlun skólans er unnin hafi verið í samráði við kennararáð.

3. gr.

Skólastjóri eða staðgengill hans boðar til kennarafunda og stjórnar þeim eða skipar fundarstjóra. Hann skipar ritara. Haldin skal gjörðabók kennarafunda.

4. gr.

Skylt er að boða til almennra kennarafunda einu sinni í hverjum starfsmánuði skóla og oftár ef skólastjóri, kennararáð eða þriðjungur fastráðinna kennara æskja þess.

Öllum skipuðum og settum kennurum skóla, sem kenna hálfu kennslu eða meira, er skylt að sækja kennarafundi þá mánuði er skóli starfar ef fundur fer fram á daglegum starfstíma skóla. Á sama hátt er stunda- og forfallakennurum skylt að sækja kennarafundi ef skólastjóri eða kennararáð æskja þess.

Skólastjóri skal, eftir því sem við verður komið, ætla tíma til kennarafunda þegar hann skipuleggur skólastarf fyrir hvert skólaár þannig að kennarafundir geti farið fram á daglegum starfstíma skóla og að þeir skerði ekki kennslu samkvæmt stundaskrá.

5. gr.

Allir starfandi kennarar skólans skulu boðaðir á kennarafundi og fundarboð ásamt dagskrá auglýst á kennarastofu með minnst sólarhrings fyrirvara.

Boða má til skyndifundar kennara með styttri fyrirvara. Ávallt skal þó reynt að tryggja að öllum kennurum, sem hlut eiga að máli, berist boðin.